

— Góðan dag, Eklund, hvað er nú í fréttum? segir séra Norström.

— Barúninn biður að heilsa prestinum og vill sá að vita, hvort hans konunglega hátign geti fengið að koma í skógin á morgun til að skjóta elgsdýr, vegna þess að dýr barúnsins hurfu í nött sem leið, og prinsinn liggur með gusubátinu sinn við Dalaey og biður veiðisararinnar, sem þeir buðu honum til.

Presturinn klóraði sér í höfði, en frúin, sem hafði heyrt skilaboðin, svaraði:

— Þú getur ekki sagt nei, Eiríkur, og þess vegna er eins gott að þú segir já strax.

— Já, það er eins gott að ég geri það, sagði presturinn, og með það var útgert um þetta í aðalatriðunum.

En heyrðu, Eklund, get ég ekki fengið að vera með líka? Því fleiri sem eru með, því meiri heppni — héltn presturinn áfram, eins og hann vildi í lengstu lög halda í ketpottinn sinn.

— Jú, það er ekkert á móti því, en það skal ég segja prestinum, því ég þekki það, að þó hann komi með, þá verður það samt sem áður barúninn, sem ræður hverjir skjóta, og þegar prinsinn á að skjóta þá hleypa hinir líka af, og það getur ekki verið til neinnar ánægju.

— Nei, það held ég nú líka, og ekki vil ég vera með slóðnum, þegar þess verður getið í blaðinu seinna.

— En heyrðu Eklund, tók nú prestsrúin fram í — það getur ekki gengið svona, nema maður eigi von á einhverju; það er haustketið semi við missum, og þú gætir látið barúninn skilja það, svo maður fái ofurlitla þóknun.

— Segðu ekki meira — greip prestur fram í

— Já, sjáið þér til, frú míni góð, ég veit fyrir víst, að presturinn mun ekki þurfa að gera eitthvað fyrir ekki neitt, því maður veit, að heldra fólk tekur ekki á móti neinu, án þess að gefa eitthvað í staðinn, og ef ég man rétt, þá sékk lénsmaðurinn í fyrra gullúr og innsigli, sem litu út fyrir að hafa kostað þúsund krónur.

Þúsund krónur, suðaði í eyrunum á prestinum, þegar skóg-